Í Kátakoti er:

- Frjáls leikur
- Föndur
- Heimilislegt andrúmsloft
- Hvíld
- Samvera
- Síðdegishressing
- Spil
- Sveigjanleg þjónusta
- Tómstundir
- Útivera

Mjög mikilvægt er að foreldrar láti vita ef breyting verður á viðveru barna í Kátakoti frá degi til dags.

Kátakot
er til húsa bak við Hafnarskóla fyrir yngri börnin og í Þrykkjunni fyrir þau eldri.

Starfsmenn Kátakots eru;
Sigurbjörg Karen Hákonardóttir, yfir.
Alessandra Silva,
Dragoljub Nikoletic,
Jóhanna S. Sigurbjörnsdóttir,
Ólöf Ósk Garðarsdóttir,
Senida Mujkic,
Sejla Zahirovic,
Þórdís María Einarsdóttir.
Beinn sími í Kátakot er
470 8448 /696 7865 (Sigurbjörg Karen).
Beinn sími í Þrykkjuna er **470 8474.**

Nánari upplýsingar og skráning í Grunnskólanum í síma 470 8400, 470 8448. gs.hornafjordur.is

Kátakot

Frístund fyrir nemendur í 1.- 4. bekk.

Opnunartími 13:10 - 16:00 alla virka daga á skóladögum nemenda.

Frelsi
Virðing
Jákvæðni
Metnaður
Vinátta

Dagur í Kátakoti

Í Kátakoti er ýmislegt gert sér til skemmtunar. Fyrst og fremst er lögð áhersla á að öllum líði vel og að við-mótið sé afslappað og heimilislegt.

Eftir langan og oft strangan vinnudag er mikilvægt að börnin fái leiktíma þar sem þau skipuleggja tíma sinn að mestu sjálf í gegnum val á verkefnum en starfsmenn sjá um að hafa alltaf spennandi valkosti í boði.

Börnunum gefst alltaf kostur á útiveru og er aðstaða til útileikja góð. Við skólann er aparóla, kastali og fleiri leiktæki ásamt svæðum þar sem hægt er að fara í allskonar boltaleiki. Innandyra geta börnin valið um fjölbreytt viðfangsefni í leik og starfi.

Starfsmenn standa reglulega fyrir spennandi uppákomum s.s. heimsóknum á áhuga-verða staði, gönguferðum, útileikjum, hinum sívinsælu útinestistímum o.fl.

Í Kátakoti gilda sömu samskiptareglur og í skólanum. Við erum góð hvert við annað, berum virðingu hvert fyrir öðru og leyfum öllum að vera með.
Ef eitthvað kemur upp á hjá barni hafa starfsmenn samband við heimili.

Á meðan börnin eru í Kátakoti geta þau sótt tíma í íþróttahúsi, sundlaug og tón-skóla en fara þá ein á milli húsa.
Mikilvægt er að foreldrar láti starfsmenn Kátakots vita í hvaða tómstundir barnið á að fara og láti vita þegar-breytingar eiga sér stað.

Gjaldskrá

Verð til 31. júlí 2020

1 dagur í viku	**kr. 2.181**
2 dagar í viku	**kr. 4.256**
3 dagar í viku	**kr. 6.230**
4 dagar í viku	**kr. 8.098**
5 dagar í viku	**kr. 9.863**

Verðið miðast við fjölda daga í hverjum mánuði, það er bundið vísi-tölu og er uppreiknað 1. ágúst ár hvert. Síðdegishressing **115 kr. á dag** er ekki innifalin í gjaldskrá.

Systkinaafsláttur fyrir annað barn er 50% og 100% afsláttur fyrir þriðja barn. Afslátturinn gildir milli skóla-stiga þannig að foreldrar sem eiga börn á leikskóla fá afslátt í Kátakoti.

Ef breyta á vistun skal það gert fyrir 20. hvers mánaðar.